



Reglugerð um þjálfara

Þjálfarar:

1. Almenn

1.1. Hver keppandi á rétt til að hafa þjálfara og tvo aðstoðarmenn með sér í keppni.

2. Hlutgengi

2.1. Þjálfari sem hornamaður skal vera skráður og samþykktur sem þjálfari hjá félagi innan vébanda HNÍ.

2.2. Aðstoðarmenn skulu vera skráðir í félag innan vébanda HNÍ.

3. Íslandsmeistaramót

3.1. Þjálfari sem hornamaður skal vera skráður og samþykktur sem þjálfari hjá félagi innan vébanda HNÍ. Að auki ber þjálfara að hafa lokið einnar stjórnun AIBA þjálfaranámskeiði hjá AIBA.

3.2. Aðstoðarmenn skulu vera skráðir og samþykktir sem þjálfarar hjá félagi innan vébanda HNÍ.

4. Í keppni

4.1. Almenn:

4.1.1. Aðeins þjálfari og aðstoðarmenn mega fara upp á pallinn og aðeins annar aðstoðarmaður má fara inn í hringinn.

4.1.2. Á meðan leik stendur skulu hvorki þjálfari né aðstoðarmenn vera uppi á pallinum. Áður en lota byrjar eiga þeir að fjarlægja koll, handklæði, fötu o.s.frv. af pallinum.

4.1.3. Á meðan leik stendur skal aðstoðarmaður hafa handklæði til reiðu fyrir sinn keppanda. Ef aðstoðarmaðurinn telur sinn keppanda í vandræðum má hann gefast upp fyrir hans hönd með því að kasta handklæði inn í hringinn, en þó ekki á meðan hringdómari telur yfir keppanda.

4.1.4. Þjálfarar og aðstoðarmenn mega aðeins nota vatn í glærum flöskum sem mótshaldari útvegar.

4.1.5. Ef keppandi fær skurð mega þjálfarar og aðstoðarmenn aðeins nota Vaseline, - 42 - Collodion, Thrombin Solution, Micro Fibrillar Collagen, Gelfoam, Surgicel og Adrenaline 1/1000. Einnig er heimilt að nota íspoka, Enswell og Swabs.

4.1.6. Þjálfarar og aðstoðarmenn skulu staðsettir á 2-2,5 fermetra fleti, a.m.k 50 cm., frá hring.

4.2. Brot:

4.2.1. Þjálfari eða aðstoðarmaður má ekki hvetja áhorfendur með orðum eða athöfnum til þess að ráðleggja keppanda á meðan lotu stendur. Þeim er jafnframt ekki heimilt að snerta hringinn á meðan lotu stendur, öskra, vera með uppsteit eða trufla lotur á annan



hátt. Þá verða þeir að haga sér á sæmandi hátt, ekki sparka í hluti, kasta hlutum og/eða strunsa af vettvangi vegna óánægju eða haga sér á annan hátt óíþróttamannslega. Öll munnleg mótmæli til dómara eru stranglega bönnuð.

4.2.2. Fyrir fyrsta brot af ofangreindum athöfnum, skulu þjálfarar og aðstoðarmenn sem gerast sekir um brot fá viðvörðun. Fyrir annað brot skulu þeir fá aðra viðvörðun ásamt því að senda þá upp í áhorfendapalla en er áfram heimilt að vera viðstaddir keppni. Fyrir þriðja brot skal vísa þeim frá á móti út daginn. Ef þeim er vísað frá sama móti í annað sinn skal honum bannað að vera þjálfari eða aðstoðarmaður það sem eftir er mótsins.

4.2.3. Hringdómari getur einnig veitt keppanda aðvörðun eða dæmt úr leik fyrir brot þjálfara eða aðstoðarmanna.

5. Menntun og réttindi þjálfara

5.1. Almenn:

5.1.1. Þjálfaramenntun hjá HNÍ mun vera skipt upp í almennan hluta og sérgreinahluta. Almennur hluti fer fram á vegum ÍSÍ og sérgreinahlutinn fer fram á vegum fræðslunefndar HNÍ.

5.2. Þjálfaramenntun ÍSÍ

5.2.1. Þjálfaramenntun ÍSÍ er áfangaskipt fræðslukerfi í fimm þrepum þar sem skilgreindar eru kröfur um menntun fyrir ákveðna markhópa. Þetta kerfi er samræmt fyrir allar íþróttagreinir. Fræðslukerfið er í samræmi við samræmdar kröfur sem settar hafa verið fram af "Network of Sport Sciences in Higher Education" (ENSSHE).

5.2.2. Menntun á fyrstu þrem þrepunum, sem kallast almennur hluti, er innan íþróttahreyfingarinnar. Þjálfarastig 4 og 5 eru háskólamenntun. Fyrstu þrjú þrepin eru hvert um sig 120 kennslustundir að lengd: þeim er ýmist skipt niður í 20 stunda afmarkaðar einingar eða styttri einingar. Ýmist eru þessar einingar almennar og í umsjón ÍSÍ eða sérhæfðar í umsjón sérsambands. Almenni hluti námskeiðanna fer fram í fjarnámi.

5.3. Þjálfaramenntun HNÍ

5.3.1. Þjálfaramenntun HNÍ mun verða samtvinnuð þjálfaramenntun ÍSÍ

5.4. Stjórnur AIBA

5.4.1. Þjálfurum stendur til boða að fara á þjálfaranámskeið á vegum AIBA sem veitir þeim titil sem AIBA þjálfari; 1, 2 eða 3 stjórnur. Þessar stjórnur eru nauðsynleg vottun frá AIBA til þess að hafa réttindi til að fylgja keppendum á alþjóðleg mót á vegum AIBA, sér í lagi til þess að hafa leyfi til þess að starfa í horni keppanda.

5.4.2. Lágmarkskröfur sem nauðsynlegar eru til þess að fá inntöku á þessi námskeið er að finna á heimasíðu AIBA.